

Nd. 364. Frumvarp til laga [190. mál]

um heimild til lántöku, ábyrgðarheimildir og aðrar ráðstafanir vegna fjárfestingar- og lánsfjáráætlunar 1979.

(Lagt fyrir Alþingi á 100. löggjafarþingi 1978—79.)

1. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að taka lán á árinu 1979 allt að 9 295 millj. kr. eða jafnvirði þeirrar upphæðar í erlendri mynt.

2. gr.

Lánsfó samkvæmt 1. gr. skal ráðstafað í samræmi við ákvæði fjárlaga og fjárfestingar- og lánsfjáráætlun fyrir árið 1979.

3. gr.

2. mgr. 3. gr. laga nr. 82/1977 um heimild til erlendra lántöku, ábyrgðarheimildir og aðrar ráðstafanir vegna lánsfjáráætlana 1978 hljóði svo:

Að því marki sem þarf til að lífeyrissjóðir geti fullnægt ávöxtunarákvæðum í 1. mgr. er Framkvæmdasjóði Íslands og Byggingarsjóði ríkisins skylt að hafa verðtryggð skuldabréf til sölu og skal andvirði bréfanna ráðstafað samkvæmt lánsfjáráætlun ríkisstjórnarinnar. Þó skal 20% af ráðstöfunarfé lífeyrissjóða á samningssviði Alþýðusambands Íslands varið til kaupa á skuldabréfum Byggingarsjóðs ríkisins. Ríkisstjórnin kynnir hverjum og einum lífeyrissjóði að hvaða marki sjóðurinn skuli kaupa bréf af hvorum þessara fjárfestingarsjóða. Þá skal og öðrum stofnlána- og fjárfestingarsjóðum heimilt að gefa út og selja lífeyrissjóðum skuldabréf er fullnægja verðtryggingarákvæðum 1. mgr. að mati Seðlabanka Íslands, enda sé sala skuldabréfa þessara í samræmi við lánsfjáráætlun ríkisstjórnarinnar.

4. gr.

Landsvirkjun er heimilt að taka lán á árinu 1979 að fjárhæð allt að 6 500 millj. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt til fjármögnunar á kostnaði við byggingu virkjunar við Hrauneyjarfoss og lokaframkvæmdir við Sigölduvirkjun.

5. gr.

Heimild er til lántöku vegna hitaveituframkvæmda sem hér segir:

1. Akureyrarbær, lán á árinu 1979 að fjárhæð allt að 1 800 millj. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.
2. Lán til annarra hitaveituframkvæmda samkvæmt síðari ákvörðun ráðherra um lántökuaðila, alls 1 345 millj. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.

6. gr.

Sveitarfélögum er heimilt að taka lán á árinu 1979 svo sem hér segir:

1. Reykjavíkurborg eða Rafmagnsveitu Reykjavíkur, lán að upphæð 680 millj. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.
2. Reykjavíkurborg eða Hafnarsjóði Reykjavíkur, lán að upphæð 340 millj. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.
3. Öðrum sveitarfélögum, lán samkvæmt síðari ákvörðun ráðherra um lántökuaðila allt að 900 millj. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.

7. gr.

Orkubúi Vestfjarða er heimilt að taka lán að fjárhæð 465 millj. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt, til fjármögnunar á raforku- og hitaveituframkvæmdum.

8. gr.

Byggðasjóði er heimilt að taka lán á árinu 1979 að fjárhæð 1 480 millj. kr. eða jafnvirði þeirrar upphæðar í erlendri mynt til þess að standa undir fjármagnsútgjöldum vegna byggðalína.

9. gr.

Framkvæmdasjóði er heimilt að taka erlent lán á árinu 1979 að fjárhæð 3 950 millj. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.

10. gr.

Fjármálaráðherra f. h. rikissjóðs er heimilt að ábyrgjast með sjálfskuldarábyrgð, eða að taka lán er komi að hluta eða öllu leyti í stað ríkisábyrgðar, og endurlána þeim aðilum sem tilgreindir eru í 5., 3. tl. 6., 7., 8. og 9. gr. með þeim kjörum og skilmálum sem hann ákveður.

11. gr.

Þrátt fyrir ákvæði II. kafla laga nr. 30/1970, um Húsnæðismálastofnun ríkisins, með síðari breytingum, skal húsnæðismálastjórn á árinu 1979 veita Framkvæmdasjóði Íslands lán af sparnaðarfé skv. III. kafla laganna er nemi 2 000 millj. kr. Lánskjör skulu vera hliðstæð og þau er Byggingarsjóður ríkisins nýtur að jafnaði af skyldusparnaðarfé ungmenna.

12. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 33. gr. jarðalaga nr. 65/1976 skal framlag rikissjóðs til Jarðasjóðs á árinu 1979 eigi fara fram úr 10 800 þús. kr.

13. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. og 4. tl. 4. gr. laga nr. 45/1971, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum, sbr. lög nr. 68/1973, skal framlag rikissjóðs til Stofnlánadeildar landbúnaðarins á árinu 1979 ekki fara fram úr 643 500 þús. kr.

14. gr.

Drátt fyrir ákvæði C- og D-liðar 3. gr. laga nr. 44/1976, um Fiskveiðasjóð Íslands, skal framlag ríkissjóðs til Fiskveiðasjóðs Íslands á árinu 1979 ekki fara fram úr 1 275 500 þús. kr.

15. gr.

Drátt fyrir ákvæði a-, b-, c- og d-liðar 2. mgr. 4. gr. laga nr. 30/1970, um Húsnæðismálastofnun ríkisins, skulu samanlagðar tekjur Byggingarsjóðs ríkisins samkvæmt greindum stafliðum ekki fara fram úr 6 140 700 þús. kr. á árinu 1979. Fari tekjur skv. a-lið 2. mgr. 4. gr. laganna, sbr. 1. gr. laga nr. 14/1965 með síðari breytingum, sbr. 1. gr. laga nr. 65/1977, og skv. c-lið 2. mgr. 4. gr. laganna fram úr þessari fjárhæð skal það sem umfram er renna í ríkissjóð.

16. gr.

Drátt fyrir ákvæði 2. mgr. 20. gr. laga nr. 30/1970, um Húsnæðismálastofnun ríkisins, skal framlag ríkissjóðs til Byggingarsjóðs verkamanna á árinu 1979 eigi fara fram úr 297 000 þús. kr.

17. gr.

Drátt fyrir ákvæði b-liðar 5. gr. laga nr. 35/1966, um Lánasjóð sveitarfélaga, sbr. lög nr. 99/1974, skal framlag ríkissjóðs til Lánasjóðs sveitarfélaga á árinu 1979 eigi fara fram úr 152 100 þús. kr.

18. gr.

Drátt fyrir ákvæði 1. gr. laga nr. 30/1921, um erfðafjárskatt, sbr. 1. gr. laga nr. 50/1972, skulu tekjur Erfðafjárjóðs af erfðafjárskatti á árinu 1979 ekki fara fram úr 144 000 þús. kr. Það sem umfram kann að innheimtast á árinu 1979 af erfðafjárskatti rennur í ríkissjóð.

19. gr.

Drátt fyrir ákvæði c-liðar 5. gr. laga nr. 51/1972, um Bjargráðasjóð, sbr. lög nr. 110/1976, skal framlag ríkissjóðs til Bjargráðasjóðs á árinu 1979 eigi fara fram úr 83 700 þús. kr.

20. gr.

Drátt fyrir ákvæði 8. gr. og 25. gr. laga nr. 60/1976, um skipulag ferðamála, skal ráðstöfunarfé til ferðamála af sérstöku gjaldi skv. 8. gr. laganna og framlagi úr ríkissjóði skv. 25. gr. laganna eigi fara fram úr 10% af skilum Fríhafnarinnar til ríkissjóðs, að viðbættum 36 000 þús.kr. til Ferðamálasjóðs. Kostnaður af starfsemi Ferðamálaráðs skal greiddur af þeim hluta skilafjár Fríhafnarinnar er fellur til ráðsins.

21. gr.

Heimilt er fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs að taka lán erlendis í því skyni að endurgreiða fyrir gjalddaga erlend lán ríkissjóðs, þar sem lánstími er talinn of stuttur miðað við eðlilegan afskriftartíma mannvirkja sem fjármögnuð hafa verið með viðkomandi lánum. Jafnframt er Landsvirkjun veitt heimild til lántöku í sama tilgangi. Skal ráðherra og stjórn Landsvirkjunar hafa samráð við fjárveitinganefnd áður en til lántöku kemur samkvæmt þessari grein.

22. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er lagt fram jafnhliða skýrslu ríkisstjórnarinnar um fjárfestingar- og lánsfjáráætlun 1979. Frumvarpið felur í sér lántökuheimild opinberra aðila

1979 auk heimildar Framkvæmdasjóðs Íslands og Bygðasjóðs til erlendar lántöku. Meðfylgjandi heildaryfirlit yfir fjáröflun og ráðstöfun lánsfjár á fjárfestingar- og lánsfjáráætlun 1979 sýnir að lánsfjárþörf opinberra aðila nemur alls 27 760 m.kr., þar af eru 22 585 m.kr. erlend lán og 5 175 m.kr. innlend. Innlend lánsfjáröflun er þannig, að 4 200 m.kr. er sala ríkisskuldabréfa eða spariskirteina, en innheimta eldri sparskirteina að frádraginni innlausn skirteina nemur alls 975 m.kr. Erend lánsfjáröflun vegna Framkvæmdasjóðs Íslands er alls 3 950 m.kr. og til Bygðasjóðs er áformað að afla erlendra lána alls 1 480 m.kr. til greiðslu á fjármagnsútgjöldum við byggðalínur.

Frumvarpið felur einnig í sér ákvæði um kaup lífeyrissjóða á verðtrygðum skuldabréfum, m. a. af Framkvæmdasjóði og Byggingarsjóði ríkisins, og húsnæðismálastjórn veiti Framkvæmdasjóði Íslands lán af skyldusparnaði ungmenna.

Um 1. og 2. gr.

Erlendar lántökur til framkvæmda vegna A- og B-hluta ríkissjóðs nema alls 9 295 m.kr. en námu 4 866 m.kr. í lögum um heimild til erlendar lántöku fyrir árið 1978 sem afgreitt var með lánsfjáráætlun þess árs. Í fjárfestingar- og lánsfjáráætlun ríkisstjórnarinnar fyrir árið 1979 nemur erlend lánsfjáröflun til A- og B-hluta fjárlaga alls 10 555 m.kr. Nauðsynleg lántökuheimild er 1 260 m.kr. lægri þar sem erlendar lántökuheimildar vegna byggingar jarðstöðvar var aflað í lögum nr. 120/1978, um ábyrgðarheimildir og heimild til lántöku vegna endurskoðaðrar lánsfjáráætlunar 1978. Um ráðstöfun lánsfjárins vísast til fjárfestingar- og lánsfjáráætlunar og meðfylgjandi yfirlits.

Um 3. gr.

Nýmæli þessarar greinar er að inn í lög nr. 82/1977 eru nú sett ákvæði um að lífeyrissjóðir á samningssviði ASÍ kaupi skuldabréf Byggingarsjóðs ríkisins fyrir 20% af ráðstöfunarfé, innan þess ramma er löginn að öðru leyti setja. Þetta er til staðfestingar samkomulagi sem ASÍ gerði við ríkisstjórnina í febrúar 1974. Jafnframt er ákveðið að fjármálaráðuneytið setji með reglugerð ákvæði um framkvæmd og tímasetningu þessara skuldabréfakaupa innan ársins og hefur heimild til ákvörðunar um af hvaða aðilum lífeyrissjóðirnir kaupa skuldabréf, enda séu ávöxtunarkjör sambærileg. Gert er ráð fyrir að sett verði nánari ákvæði um framkvæmd greinarinnar í reglugerð.

Um 4. gr.

Framkvæmdir á vegum Landsvirkjunar eru áformaðar alls 7 230 m.kr. á árinu 1979. Framkvæmdir við Hrauneyjarfoss nema alls 4 860 m.kr. en þá hafa stjórnvöld ákveðið að dregið verði úr framkvæmdaáætlun ársins 1979 um sem svarar 2 600 m.kr. Þrátt fyrir minni verkhraða 1979 en áður var áformað er að því stefnt að virkjuninni megi ljúka haustið 1981. Til lokaframkvæmda við Sigöldu er fyrirhugað að verja 674 m.kr. og 397 m.kr. til annarra verkefna á vegum fyrirtækisins. Þá nema vaxtagreiðslur 1 299 m.kr. Erlendar lántökur nema alls 6 500 m.kr. en eigin fé fyrirtækisins og framlag ríkissjóðs nemur 730 m.kr.

Um 5. gr.

Framkvæmdir Hitaveitu Akureyrar hófust 1977 og standa enn. Til þessara framkvæmda var veitt ábyrgðarheimild að fjárhæð 4 800 m.kr. 1978. Í frumvarpi þessu er leitað heimildar til ábyrgða á erlendu láni, alls 1 800 m.kr. vegna ársins 1979.

Einnig er leitað heimildar um ábyrgð vegna lántöku alls 1 345 m.kr. en fjármagn þetta er ætlað til hitaveituframkvæmda víðsvegar um landið. Lánsfjáröflun þessi miðast við eftirtaldar framkvæmdir: Hitaveita Egilsstaða 170 m.kr., Hitaveita Vestmannaeyja 300 m.kr., Fjarvarmaveita á Höfn í Hornafirði 65 m.kr., Hitaveita Borgarfjarðar og Akraness 750 m.kr. og Hitaveita Sauðárkróks 60 m.kr. Fjármögnun þessara framkvæmda verður einnig innlend, bæði úr Lánasjóði sveitarfélaga, Orku-

sjóði og eigin sjóðum sveitarfélaga og fyrirtækjanna. Lánveitingar eða ábyrgðir af ríkisins hálfu verða ekki veittar til einstakra hitaveitna fyrr en iðnaðarráðherra hefur veitt einkaleyfi til reksturs og skilyrðum orkulaga um einkaleyfisveitingu er fullnægt. Í orkulögum nr. 58/1967 segir að einkaleyfisumsókn skuli fylgja fullnægjandi uppdrættir af fyrirhugaðri hitaveitu, kostnaðaráætlun og rekstraráætlun. Einkaleyfi skal því aðeins veitt að ráðherra telji, að fengnu álitni Orkustofnunar, að uppdrættir og áætlanir séu tæknilega réttar, hitaveitan verði þjóðhagslega hagkvæmt fyrirtæki og fullnægi hitaþörf svæðisins og að tryggður sé eðlilegur og truflanalaus rekstur, eftir því sem aðstæður leyfa.

Um 6. gr.

Í fyrri lögum um lántökur hefur ekki verið gerð sérstök grein fyrir lánsfjáröflun Reykjavíkurborgar eða borgarfyrirtækja. Þetta er nú gert enda þótt Reykjavíkurborg ábyrgist sjálf eigin skuldbindingar. Lántökuheimild til annarra sveitarfélaga nemur alls 900 m.kr. Af þessari fjárhæð eru 245 m.kr. vegna fjárhagsvanda Vestmannaeyjakaupstaðar í samræmi við tillögur úttektarnefndar þeirrar er um málið fjallaði, 340 m.kr. vegna sorpeyðingarstöðvar á Suðurnesjum og 315 m.kr. vegna annarra verkefna.

Um 7. gr.

Framkvæmdir Orkubús Vestfjarða á sviði raforkumála eru fyrirhugaðar alls 450 m.kr., þar af nemur lánsfjáröflun 400 m.kr. Einnig er heimild til lántöku alls 65 m.kr. vegna fjarvarmaveitu Ísafjarðar.

Um 8. og 9. gr.

Erlend lántaka fjárfestingarsjóða mun aukast verulega frá fyrra ári, einkum af völdum aukinna hagræðingarlána og fyrirgreiðslu við skipasmíðastöðvar. Erlend lántaka Framkvæmdasjóðs er áætluð 3 950 m.kr. Auk þess mun Bygðasjóður hafa milliöngungu um útvegum erlends láns vegna fjármagnsútgjalda byggðalína.

Um 10. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 11. gr.

Skyldusparnaðarfé ungmenna mun nú koma til skiptingar þannig, að til Byggingarsjóðs ríkisins renna 2 500 m.kr., til Framkvæmdasjóðs Íslands 2 000 m.kr. og Stofnlánadeildar landbúnaðarins 400 m.kr. Skyldusparnaður ungmenna í sveitum, 400 m.kr., mun enn á þessu ári ganga til Stofnlánadeildar landbúnaðarins til þess að mæta viðbótarlánnum til íbúðarhúsa. Frá og með árslokum 1979 er sparnaði þessum ætlað að ganga til Byggingarsjóðs ríkisins eins og lánveitingar til íbúðabygginga í sveitum. Lántaka Framkvæmdasjóðs Íslands hjá Byggingarsjóði ríkisins af skyldusparnaðarfé verður með hliðstæðum kjörum og Byggingarsjóður nýtur að jafnaði af þessu lánsfé.

Um 12.—19. gr.

Í samræmi við markaða stefnu í fjárlögum um skerðingu á framlögum til fjárfestingarsjóða er nauðsynlegt að lögum nokkurra sjóða verði breytt.

Um 20. gr.

Lögbundnar fjárveitingar til ferðamálasjóðs voru lækkaðar um 10% eins og framlög til annarra fjárfestingarsjóða og nemur framlagið því alls 36 m.kr. Samkvæmt lögum nr. 60/1976 um skipulag ferðamála skal tiltekinn hluti af veltu Fríhafnarinnar á Keflavíkurflugvelli renna til þessarar starfsemi. Tekjustofni þessum er nú breytt þannig að 10% af skilum Fríhafnarinnar til ríkissjóðs renna til ferðamála.

Um 21. gr.

Vegna ástands á erlendum fjármagnsmörkuðum hefur yfirleitt ekki verið völ á erlendum lánum til nægilega langs tíma, miðað við eðlilegan afskriftarúma þeirra framkvæmda sem með þeim hafa verið fjármagnaðar. Veldur þetta örum afborgunum og þungri greiðslubyrði á næstu árum. Rétt þykir að fjármálaráðherra geti í samráði við fjárveitinganefnd tekið lán til greiðslu annarra lána sé slíkt talið heppilegt. Sams konar heimild er nú veitt stjórn Landsvirkjunar til breytingar lána.

Fylgiskjal I.

**Yfirlit yfir opinbera öflun lánsfjár og ráðstöfun þess á lánsfjáráætlun 1979
í m.kr.**

| | Ný áætlun 1978 | Lánsfjár- áætlun 1979 |
|--|---------------------|-----------------------------|
| Fjáröflun, alls | 40 732 | 51 025 |
| 1. Innlend fjáröflun til opinberra framkvæmda | | |
| 1.1. Verðbréfaútgáfa ríkissjóðs innanlands | 3 100 | 4 200 |
| 1.2. Innheimt af endurlánuðu spariskirteinafé ríkissjóðs | 2 746 | 975 |
| 1.3. Önnur innlend lán | 1 826 | — |
| Samtals | 7 672 | 5 175 |
| 2. Innlend fjáröflun til fjárfestingarlánasjóða | | |
| 2.1. Kaup lífeyrissjóða á bréfum fjárfestingarlánasjóða | 6 079 | 9 365 |
| 2.2. Kaup Atvinnuleysistryggingasjóðs á bréfum Byggingarsjóðs ríkisins | 786 | 2 070 |
| 2.3. Lán bankakerfisins til Framkvæmdasjóðs o. fl. | 1 866 | 1 500 |
| 2.4. Skyldusparnaður til Byggingarsjóðs | 3 871 | 2 500 |
| 2.5. Skyldusparnaður til Stofnlánadeildar landbúnaðarins | 252 | 400 |
| 2.6. Skyldusparnaður til Framkvæmdasjóðs | — | 2 000 |
| 2.7. Annað lánsfé | 15 | — |
| Samtals | 12 869 | 17 835 |
| 3. Erlend lán | | |
| 3.1. Erlend lán vegna opinberra framkvæmda | 18 527 | 22 585 |
| 3.2. Erlend lán vegna fjárfestingarlánasjóða | 1 664 | 5 430 |
| Samtals | 20 191 | 28 015 |
| Ráðstöfun lánsfjár, alls | 40 732 | 51 025 |
| 1. Opinberar framkvæmdir | | |
| 1.1. Framkvæmdir á A-hluta fjárlaga | 4 351 | 4 750 |
| 1.2. Framkvæmdir á B-hluta fjárlaga | 9 087 | 10 980 |
| 1.3. Landsvirkjun | 6 780 ¹⁾ | 6 500 |
| 1.4. Orkubú Vestfjarða | 486 | 465 |
| 1.5. Hitaveitur sveitarfélaga | 4 236 | 3 145 |
| 1.6. Aðrar opinberar framkvæmdir | 1 259 | 1 920 |
| Samtals | 26 199 | 27 760 |
| 2. Fjárfestingarlánasjóðir | | |
| 2.1. Framkvæmdasjóður | 5 375 | 13 200 |
| 2.2. Íbúðalánasjóðir | 6 213 | 7 325 |
| 2.3. Aðrir sjóðir | 2 945 | 2 740 |
| Samtals | 14 533 | 23 265 |

1) Þar af skammtímalánum breytt í langtímalán 2 730 m.kr., nettólántaka 4 050 m.kr.